

Bæjarráð Mosfellsbæjar
Þverholt 2
270 Mosfellsbær

Erindi: Kvörtun

Fyrir hönd íbúa vil ég leggja inn formlega kvörtun til bæjarráðs vegna aðkomu að raðhúsalengjunni Uglugötu 14-20.

Legið hefur fyrir frá því í janúar á þessu ári hið minnsta að lóðin er rangt hæðarmæld af bænum og ekki hægt að leggja veg að húsinu eins og teikningar gera ráð fyrir. Skipulagsnefnd hefur lengi talað um að unnið sé að lausn málsins og að við munum að sjálfsögðu fá veg að húsinu.

Núna er hins vegar að koma vetur og ekkert bólar á niðurstöðu. Aðkoman er löngu farin að valda vandræðum. Í húsinu búa 7 börn undir 10 ára aldri og þegar hafa skemmdir orðið á farartækjum.

Það sem veldur okkur þó mestum áhyggjum í dag er að aðkoma sjúkra- og annarra neyðarbíla er ekki tryggð. Snjói hér í dag er með öllu ófært að húsinu og aðkoman heldur ekki skýr.

Viljum við, um leið og við lýsum yfir mikilli furðu yfir vinnubrögðum bæjarins, óska eftir því að málið sé sett í forgang og leyst sem fyrst.

Virðingarfyllst,

Pétur Örn Johnson Uglugötu 16.

Sími 842-1105

Netfang: peturornjohnson@gmail.com